

# Meðferðarheimilið Torfastöðum

Stofnað 1979

## Kynningarrit



## Ársskýrsla 24. starfsárið 2003

Eigendur og stjórnendur:  
Drífa Kristjánsdóttir Ólafur Einarsson.



Torfastaðir í febrúar 2004

Ólafur og Drífa hafa rekið Meðferðarheimilið Torfastöðum í 25 ár vorið 2004. Það virðist fyrirséð að núverandi rekstrarformi ljúki á 25. starfsári heimilisins, en rekstraraðilar hafa sagt upp samningi sínum við Barnaverndarstofu og ætla ekki að þola lengur langvarandi óvild forstjóra Barnaverndarstofu. Núverandi samningi lýkur því í byrjun október 2004 nema að ráðherra taki á málinu og geri breytingar á því ástandi sem verið hefur.

Það er vilji rekstraraðila að halda áfram rekstri Torfastaða, enda færni og árangur mikill og starfsþrekið nóg. Ekki er ljóst hvort það tekst, en reynt verður að finna færar leiðir, til að geta haldið áfram. Ein hugmynd er, að gera samning beint við ráðherra og að athuga hvort sveitarfélög eða styrktaraðilar vilja á einhvern hátt koma að áframhaldandi rekstri Torfastaða.



Þann 4. júlí 2003 nutum við heimsóknar nýskipaðs ráðherra félagsmála, Árna Magnússonar og samstarfsmanna hans. Það var afskaplega ánægjuleg heimsókn og sýndi Árni okkur þá virðingu að segja frá heimsókninni á heimasíðu sinni og birti margar skemmtilegar myndir. Okkur fannst þetta mikill heiður og þökkum fyrir góða umfjöllun og auðsæja velvild.

## Almennt um meðferðarvinnuna

Á Torfastöðum er markmiðið með meðferðavinnunni að að veita skjólstaðingunum stöðugt áreiti, láta þá takast á við allskonar verkefni, og leysa þau vel af hendi. Við stefnum stöðugt að því að láta ungmennin **vinna sigra** og að eflast í þeim verkefnum sem þeim eru sett fyrir. Skólinn, búskapurinn, reiðmennskan, heimilishaldið, allt eru þetta mikilvæg verkefni sem ungmennin takast á við og eflast í og læra góð vinnubrögð.

Staðsetning meðferðarstaða verður að miðast við þörf skjólstaðinganna. Staðsetning Meðferðarheimilisins Torfastöðum ehf. var mjög meðvituð, á sínum tíma, og er ein af forsendum fyrir markvissri og árangursríkri vinnu. Auðvelt er fyrir fjölskyldur barnanna að komast til Torfastaða, samgöngur góðar, aðeins klukkustundar akstur. Samstarfsaðilar þurfa ekki að eyða miklum tíma, né fjármunum í ferðalög. Einnig er auðvelt að fara með börnin til höfuðborgarinnar og njóta menningar eða skemmtana. Heimferðaleyfi til foreldra ganga auðveldlega fyrir sig og eru regluleg. Að vera í nálægð við höfuðborgarsvæðið með góðar samgöngur og að auðvelt sé að ferðast til Torfastaða, allt árið, fyrir alla, það er mikilsvert.

Reykjavík er í 88 km fjarlægð héðan. Torfastaðir eru í nágrenni við Gullfoss, Geysir og Skálholt, Þingvelli og Laugarvatn í örmum fagurrar sveitar með hálendið rétt við dyrnar. Það gerist ekki betra.

# Meðferðaráhöld

Þegar Torfastaðir voru stofnaðir fyrir 25 árum var það gert til að setja upp meðferðarstað fyrir ungt fólk. Búskapurinn var hliðarbugrein sem aðstoða átti við meðferðarvinnuna. Settur var á fót meðferðarstaður sem hefði fátt starfsfólk. Þannig skyldi allur kraftur fara í ungmennin en ekki í samhæfingarvinnu eða samstarfserfiðleika starfsfólks. Vinnan sem lægi hjá starfsfólkinu í að samhæfa sín vinnubrögð og viðmið yrði sem minnst. Vinnan færi öll í börnin og afraksturinn í meðferðinni yrði þannig miklu meiri fyrir þá sem nutu meðferðar. Þetta kom mjög vel út og við sköpuðum meðferðarstað sem naut mikils trausts og fékk gott orðspor fyrir þann árangur sem náðist í meðferðarvinnunni með unglíngana. Markmikið var að nota sveitina og það sem hún bauð uppá til stuðnings í meðferðarvinnunni, en meðferðartæknina færðum við úr borg í sveit. Þannig eru búskapur og skepnur **áhöld** sem notuð eru til örvunar í meðferðarvinnunni. Í tímans rás höfum við rekstraraðilar Torfastaða, sannfærst um ágæti þess umhverfis sem við höfum búið þeim ungmennunum sem hingað hafa vistast. Umhverfið getur varla verið betra.

Í meðferðarvinnu er lang mikilvægast að sá sem vinnur meðferðarvinnuna hafi mikla færni í því sem hann er að gera. En mikilvægi þess að hafa **áhöld** sem virka í meðferðarvinnunni er ótvírætt. Á Torfastöðum höfum við mörg og fjölbreytt meðferðaáhöld. Það er dýrt að halda úti mörgum af þessum **tækjum** eða **áhöldum**, en gildi þeirra er svo mikið að við viljum halda þeim, þótt þau kosti mikið, enda er árangur okkar mikill. Nokkur af þeim meðferðaráhöldum sem Torfastaðir hafa yfir að ráða eru:

- a) fjölskyldumeðferð,
- b) skólastarf,
- c) hestar,
- d) búskapur,
- e) sumarverkefni,
- f) heimilishald,
- g) önnur verkefni.



*í skólanum, í skólanum er skemmtil...*

- a) **Fjölskyldumeðferð:** Hún er forsenda þess að forsjáraðilar treysti því sem fram fer í meðferð barna þeirra, sjái og skilji þær breytingar sem verða, og geti tileinkað sér nýjar aðferðir við að takast á við uppeldi barna sinna.
- b) **Skólastarf:** Á Torfastöðum er skólinn mjög stórt og mikilvægt meðferðartæki, enda hafa flest börnin fengið mjög lélega reynslu af skólagöngu og eru flest langt á eftir jafnöldrum sínum námslega, þegar þau koma í meðferð. Þau eru flest með mikla andfélagslega hegðun og það kemur mjög vel fram í skólanum. Mörg þeirra hafa alveg hætt að mæta í skólann áður en þau vistast og eru ekki að stunda neitt nám. Því þarf að breyta, vinna sigra í náminu, og ná að verða jafnfætis jafnöldrunum.
- c) **Reiðnám, hestamennska:** Er mjög mikilvægt meðferðaráhald á Torfastöðum.
- d) **Búskapur:** Búskapur og umhirða á skepnum er einnig mikilvægt meðferðaráhald allan veturinn. Á Torfastöðum eru 100 kindur og mjög öflug hrossarækt, á járnum að jafnaði 50 hross allt árið.
- e) **Sumarverkefni:** Þau eru mikil, fjölbreytt og skemmtileg. Trjárækt, viðhald mannvirkja, málningarvinna, girðingarvinna, hreinsun o.fl. o.fl.
- e) **Heimilisstörf:** Þau þarf alltaf að vinna. Elda, borða, vaska upp, taka til, þrifa, þvo þvottinn sinn,. Þetta er unnið í samvinnu og börnin taka mjög virkan þátt og hafa hvert sitt hlutverk og sína ábyrgð.
- f) **Önnur verkefni:** Þau verða alltaf að vera til staðar, enda eru þau lykillinn að því að börnin eflist. Í verkefnunum felst mikil ögrun, fólk lærir að taka ábyrgð á eigin verkum, athöfnum, tólum og tækjum gagnvart félögum sínum, fullorðnum og eða skepnum.

# Fjölskyldumeðferð

Lykilatriði í meðferðarvinnunni hér á Torfastöðum er að hafa forráðamenn barnanna inni þeirri vinnu sem hér fer fram, kynna meðferðina vel og veita fólki traust á okkur. Ef foreldrar treysta okkur ekki, þá verða þeir hikandi og það gefur barninu færi á að spila á milli okkar og fjölskyldunnar. Lykilatriði er að það séum við sem stjórnnum í meðferðarvinnunni og til þess þarf traust aðstandenda barnanna að vera mikið til meðferðaraðila.

Aðstandendur, þ.e. forjáraðilar barnanna gangast undir þau skilyrði að vinna markvisst með okkur hér á Torfastöðum. Þeir koma reglulega á fjölskyldumeðferðarfundum a.m.k. einu sinni í mánuði. Ólafur og Drífa sjá um alla fjölskyldumeðferðina.

Samfella fæst þannig í vinnu með unglinginn hér á Torfastöðum og á heimili hans. Foreldrar reyna nýjar leiðir í uppeldinu og börnin gera raunhæfar kröfur til foreldra sinna, finna hve mikið er á þá að treysta og foreldrar fá aðra sýn á þá aðferðarfræði og nálgun sem þeir geta beitt gagnvart börnum sínum.

Mismunandi er hvernig þessir fundir eru settir upp. Með sumum börnum kemur aðeins annað foreldri og systkini, með öðrum koma mamma, amma, afi og systkinin líka. Oft veitum við fólki hjónameðferð eða hjálpum því að leita eftir stuðningi fyrir sig annars staðar. Tengsl við forráðamenn barnanna verða mikil og nán og það skapar okkur mjög mikið meðferðasvigrúm. Nálægðin verður líka mikil og traustið þess eðlis að fólk leitar ráða þegar það er að leita eftir að finna eigin afstöðu til margra hluta. Oft verðum við að stappa stálinu í foreldra, styðja þá í að kynnst eigin mörkum og líðan og að finna hvað þeir vilja og auka getu þeirra og áráðni.

Vistunaraðilar þ.e. starfsmenn félagsþjónustu sveitarfélaganna, koma þrisvar til fjórum sinnum á ári til að fylgjast með vinnunni og meta þær breytingar sem átt hafa sér stað í meðferðinni.

Alls voru haldnir 50 fjölskyldufundir á árinu 2003, að jafnaði, einn í hverri viku.

## Skólastarf:

Á Torfastöðum er rekinn grunnskóli fyrir þau vistbörn sem hér dvelja en skólinn hefur verið starfræktur í 24 ár eða frá stofnun Meðferðarheimilisins. Innra starf skólans tekur mið af þeim nemendum sem í honum eru hverju sinni.

Drífa hefur sinnt allri kennslu síðan vorið 1998, þar sem fjárhagur Torfastaða hefur ekki boðið uppá annað. Hún hélt nánast ein utan um kennsluna frá árinu 1985 en kennari var ráðinn hér árin 1993-98.

Þrátt fyrir að skólinn fengi löggildingu vorið 2001 hefur enn ekki fengist greiðsla vegna kennslunnar, en sveitarfélögin hafa samið um að þau vilji greiða fyrir kennslu nemenda sinna. Forstjóri Barnaverndarstofu hefur ekki viljað leyfa okkur að njóta þess að fá tekjur vegna kennslunnar frá sveitarfélögunum, hann hefur sett skilyrði um breyttan samning og hefur neitað okkur um tekjurnar þrátt fyrir samning við Jöfunarsjóðinn og Reykjavíkurborg frá 1. ágúst 2001. Samningurinn hefði fært okkur auknar tekjur á fram til áramóta um 6-7 milljónir króna, og hægt hefði verið að ráða kennara og Drífa losnað við stóran hlut af kennslunni.

Skólinn er starfræktur frá kl. 8:30 til 15:30 alla virka daga. Í honum læra öll ungmennin heimilisfræði, en tiltekt á heimilinu fer fram í byrjun dags frá kl. 8:30 til kl. 9:00 og taka allir þátt í því. Bóknám er alltaf til kl. 12:00 á hádegi og svo aftur frá kl. 13:00 til 15:30. Oft fer kennsla fram í eldhúsinu, t.d. við bakstur eða eldamennsku, og nýtist sú kennsla vel við undirbúning á hádegismat þegar svo ber

undir. Alltaf er borðaður heitur matur í hádeginu, og vistbörn hjálpa til við uppvaske og frágang eftir matinn.

Skólaárið 2002-2003 hófst 20. ágúst 2002 og var lokið með hátíðlegri athöfn á Torfastöðum þann 5. júní 2003. Tveir nemendur luku samræmdum prófum, tóku öll prófin sex og stóðust allt. Þetta var mjög mikill áfangi og sigur fyrir þau og eru þau bæði búin að fá inngöngu í framhaldsskóla. Tvö tóku 9. bekkjar próf og einn lauk 8. bekk og einn var í 7. bekk. Hann kom í lok skólaárs og fékk því aðeins umsögn um árangur. Einn skjólstæðingur fór úr skólanum í mars og lauk því ekki prófum. Það er hefð fyrir því að skólalok eru haldin hátíðleg á Torfastöðum. Við borðum góðan mat og leikum okkur svo um kvöldið og foreldrum er kynnt niðurstaða skólaársins og einkunnir.

Í haust byrjaði skólinn 20. ágúst 2003. Fjórir nemendur stefna á samræmd próf vorið 2004, tveir eru ekki skólaskyldir, en ætla samt að taka undirbúning að samræmdum prófum, enda nám verið lítið undanfarin ár. Einn nemandi er í 9. bekk og einn í 8. bekk.

Skjólstæðingar okkar eru mjög oft komin langt á eftir jafnöldrum sínum námslega, þar sem skólastarf í þeirra heimabyggð hefur, oft um langan tíma, verið ansi brösótt. Oft hefur mætingum verið verulega ábátavant, og námsstaðan samkvæmt því. Hegðunarerfiðleikar eru algengari en ekki, innan þess hóps sem hingað kemur, og oft hafa fyrri skólar alveg gefist upp fyrir vandanum og skjólstæðingar okkar sitja eftir í súpunni. Því er mikið verk að vinna og þau þurfa að ná upp miklu efni. Stærðfræði, íslenska, enska, og danska eru kennd daglega. Leikfimi kenndi Ólafur vikulega í íþróttahúsinu í Reykholti og sund var kennt af Drífu og Ólafi í Reykholtslaug í hverri viku allan veturinn. Ólafur var á árum áður afreksmaður í handbolta og Drífa æfði sund af kappi með Ægi, 11-16 ára. Reiðmennska er ein námsgreinanna, og hún er mjög mikið stunduð hér.

Í öllu náminu notum við okkur mikið fréttir og umfjöllun um atburði, úti í heimi, til að skilja líf og stöðu fólks annarsstaðar í heiminum. Írak var mikið í fréttum auk Ísrael og Palestínu. Allt er þetta notað í kennslu börnin hvött til að hlusta á fréttir, taka eftir hvað er um að vera í heiminum. Þetta er mjög sterkur þáttur í kennslu okkar að opna augu og eyru skjólstæðinga okkar og að láta þau taka afstöðu til manna og málefna.

## Reiðnám, hestamennska

Öllum börnum sem vistast á Torfastaði er kennd reiðmennska og er hún mjög snar þáttur í því námi og starfi sem fer fram á Torfastöðum.

Okkur tekst oftast vel, að kveikja áhuga barnanna á reiðmennsku enda erum við sjálf mjög virk í öllum þáttum hestamenskunnar, ræktun og uppeldi hrossa, reiðmennsku, tamningu og annari umönnun hesta.

Reiðmennskan er mjög mikið og öflugt **meðferðaráhald** á Torfastöðum .

- hún eykur **líkamsþrek** barnanna
- hún byggir upp **sjálfstraust** þeirra
- hún kennir börnunum mikinn **sjálfsaga**
- hún **eflir skilning** á þeirra **eigin sálarlífi** í samanburði við hestinn og andlegri velferð hans.
- hún gefur tækifæri til að takast á við **óþekkt verkefni**, læra að höndla þau og að **vinna sigra**.

Mismikill áhugi var á reiðmennskunni í vetur hjá börnunum. Við sjáum alltaf mjög mikið sambandi með áhuga barnanna og okkar eigin ástundun. Ólafur var enn illa haldinn vegna aðgerðar á ökla var alveg fastur á hækjum vegna eymsla í fótum

og því var svigrúm og þrek Drífu, oft minna en áður, við að koma börnunum í virkni. En reiðkennari var ráðinn frá miðjum september 2002 og var hann að, alla daga. Þrjú vistbarnanna urðu mjög áhugasöm, og ein stúlkan mjög virk, reið a.m.k. þremur hestum á dag ef hún mátti það.

Í september 2002 var allt komið á fullt í tamningum, en í raun verður oftast mjög lítið hlé, þó stundum aðeins um sláurtíð lamba og á meðan að verið er að fylla frystinn og frystikisturnar af mat. Kappsmál var að komast á bak, oft á dag og var það orðin viðtekin venja, að fara á a.m.k. tvo hesta sama daginn. Farið var á bak á hverjum degi, oft mörgum hestum. Veturinn var góður til ástundunar reiðmennsku og féll varla úr dagur hjá krökkunum að fara á hestbak.

Vetrarmót hjá hestamannafélaginu Loga, var haldið tvisvar, en það er jafnframt stigakeppni. Þar áttum við efsta knapann í unglingsflokki.

Hestamannafélagið Logi var með reiðnámskeið í júní og fengu vistbörnin að fara á það. Þrjú fóru á reiðnámskeiðið. Þegar því lauk var haldin Firmakeppni og enn hrepptu börnin okkar vinningssætin. Eftir það var farið í sameiginlega reiðferð fyrir alla sem voru á námskeiðinu og var þetta mjög skemmtilegur dagur. Allir tóku þátt frá Torfastöðum.

Við fórum í fyrstu hestaferðina strax eftir að reiðnámskeiðið var búið þann 24. júní 2003. Þetta var fimm daga ferð. Fyrst riðum við að Gýgjarhóli, geymdum hesta þar og fórum heim í góðan mat, svo beint í sund í Reykholtslaug. Næsta dag var farið sem leið lá á Kjöl, sofið í Fremstaveri, undir Bláfelli. Svo var riðinn Bláfellsháls að skála í Árbúðum og sofið. Þá riðum við aftur í Fremstaver en nú með Hvítanni austan við Bláfell. Við lékum okkur í "**Indjánaleik**" á hestum um kvöldið.



Allir ríða hnakklausir í Indjánaleik í Fremstaveri.

Þetta var ferðin sem við köllum trimmferð, og er þá fyrst og fremst verið að trimma krakkana, kenna þeim að reka hross, hjálpast að við að taka og ríða fleiri hestum og öðrum en þau eru vön. Fjöldi hesta var um 50.

Aftur fórum við í hestaferð á Kjöl nú þann 25. júlí, nú í vikuferð. Riðið um allan Kjöl sofið í skálum. Einn daginn fórum við í Kerlingarfjöll í mikla æfintýraferð, sátum í borholu með tæplega 300 sekuntulítra bullandi uppúr jörðinni. Svo ókum við í Hveradali en þar sprakk á tveimur dekkjum svo ekki var ferðafært í nokkra klukkutíma. Ekki væsti þó um neinn og var dagurinn mjög eftirminnilegur. Við notum hestana mikið m.a. smalaðar kindur á haustin þegar féð er sótt til slátrunar. Krakkarnir fengu að smala mikið og oft í október og þykir öllum það mjög gaman.





Hestaþing Loga (hestamannamót þess félags sem við tilheyrum) er alltaf haldið um Verslunarmannahelgina. Þar keppti einn unglingur að þessu sinni og vann allt sem hún keppti í.

## Búrekstur

Á Torfastöðum rekum við 100 kinda fjárbú, og stórt hrossaræktarbú. Auk þess byggðum við okkur 100 fermetra gróðurhús, árið 1988, og ræktum megnið af grænmetinu sem við neytum allt sumarið.

Heyskapur fer allur fram með vélum og því eru börnin ekki miklir þátttakendur í honum. Í sumar var verðrið svo einstakt þegar við byrjuðum heyskap að gengið var í að slá allt sem átti að heyja um 50 hektara. Aldrei fyrr hefur gengið eins vel með heyskapinn þótt alltaf hafi gengið vel, því það tók aðeins sjö daga að heyja allt og raða rúllum upp.

Börnin eru ekki lengur þátttakendur í heyskapnum, vegna þeirrar ofboðslegu vélvæðingar sem orðið hefur undanfarin ár, en þau sem verða dráttarvélafær, fá að slóðadraga eða að keyra út skít. Þau fá líka að aka vélum á milli, í girðingarvinnu, en mikil vinna liggur í að girða landið. Girðingar þarf stöðugt að lagfæra og endurnýja eftir veturna.

Sinna þarf bústörfum allan veturinn þar sem fé er tekið á hús og hestar eru allt að 46 að jafnaði á jörnum. Þetta eru verkefni okkar, hinna fullorðnu með aðstoð allra heimilismeðlima. Verkefni skiptast á milli allra og hver og einn hefur sínar skyldur.

Sauðburður byrjar árlega á Torfastöðum, fyrstu vikuna í maí. Sauðburður er oftast algerlega ný upplifun fyrir börnin sem eru í meðferð. Í honum felst miklu meira nám en flestir gera sér grein fyrir. Það þarf að annast ungviðið af alúð, svo það komist á legg, nauðsynlegt er að vera vakandi og sofandi yfir öllum hlutum og fæðingar lamba eru mikið mál. Fæðingarhjálp sjá þau einnig og því komast þau inni veröld sem er þeim algerlega ný og framandi. Ábyrgð og nákvæmni verður að vera mikil, annars ruglast lömb og mæðurnar afneita þeim.

Börnin kynnast því hvernig mæður lambanna nota þefskyn sitt til að þekkja afkvæmi sín og þetta opnar þeim nýja sýn á lífið og tilveruna. Dauðinn er ætíð nálægur þegar nýtt líf sér dagsins ljós, því þarf að sýna öllu nærgætni, eftirgangsemi, alúð og nákvæmni. Folöld fæðast einnig að vori, og stóðhestar sinna hryssum. Allt er þetta nýtt og framandi fyrir borgarbörn, en um leið mjög ánægjulegur heimur.



Í september og október voru mjög miklar vegaf framkvæmdir hér á Torfastöðum. Kirkjan fékk meira pláss undir kirkjugarðinn, og var byrjað að stækka hann. Vegurinn að kirkju var byggður upp og breikkaður. Við notuðum tækifærið og löguðum hlaðið hjá okkur og breyttum skurðum við veg. Það var mjög kostnaðarsamt, en er einnig mjög flott svo við gleðjumst yfir breytingunum þótt dýrar séu

# Réttir

Fjallmenn komu með fé af fjalli þann 16. september 2003. Í ár fóru Drífa og Ólafur ekki á fjall vegna fótaraðgerðar Ólafs. Torfastaðafjölskyldan fór samt ríðandi á móti fjallmönnum, hittum þá á efsta bæ í sveitinni og smöluðum með þeim fram í réttir. Þá fá ungmennin að spreyta sig á að vera eins og alvöru fjallmaður, smala fé og ríða í hópi fólks sem heldur þeim síð að ríða á móti fjallmönnum.



Þessi atburður er eilíft tilhlökkunarefni og enginn lætur sig vanta, enda einstök og eftirminnileg skemmtun. Réttir eru svo haldnar með pomp og pragt daginn eftir. Engan má vanta og úr Reykjavík hlaðast að okkur gestir, fjölskyldan og börn, vinir og ættingar. Foreldrar barnanna og systkini mæta stundum. Allir reyna að draga fé í réttunum og smala því svo heim með okkur. Síðan var etin dýrindis kjötsúpa. Allt að hætti og síð Tungnamanna.

## Sumarverkefni

Á Torfastöðum er rekinn heilsárs meðferðarstaður. Það útheimtir verkefni á sumrin og þau verða að vera alvöru. Hér er ekkert gutl og við leggjum metnað í það sem hér fer fram. Fegrun umhverfis hefur verið stór þáttur í okkar vinnu. Heyskapur hefst ætíð í júlí og var hann mikill þetta árið. Í sumar voru 800 rúllur heyjaðar af afbragðsfóðri þurru og mjög vel verkuðu.

a) Trjárækt er talsverð og við höfum verið að reyna að mynda skjól og fegra með trjánum. Í fyrrasumar fluttum við mörg hundruð ef ekki þúsundir trjáa á varanlega staði. Lokið var við að planta trjám báðum megin aðalvegjar sem gengur í gegnum land okkar. Við höldum áfram að girða með vegum og planta trjám. Trjám var einnig plantað í skjólreiti ofan við bæinn. Mest eru þetta **aspír**, enda eigum við mikið af þeim í uppeldi, frá fyrri árum. Björt var aðalverkstjóri í útplöntun trjáa.

b) Girðingar verða að vera góðar svo að fénaðurinn skemmi ekki trén og Fannar hélt girðingarflokknum gangandi.

c) Öll hestagerði (þau eru fjögur) voru máluð hvít þetta er gert á hverju sumri.

d) Dagleg vinna er við að vökva og að sinna gróðurhúsinu. Þar ræktum við tómata, gúrkur, o.fl. Skítur var færður frá fjárhúsum þar sem útigangi er gefið, uppá Torfastaðaheiði, til uppgræðslu. Þetta er mikill hestaskítur og talsverð vinna, en krökkunum finnst mjög gaman að vinna hana, þar sem um dráttarvélaakstur er að ræða.

e) Mokað er út úr haughúsum fjárhúss og hesthúss árlega og skítur borinn á tún.

f) Hér verður að hafa nóg að gera fyrir margar hendur svo málningarvinna er alltaf fyrir hendi, bæði inn í útihúsum og utaná þeim.

g) Óskar gerði á árunum 2002-2003 nýja hnakkageymslu fyrir Meðferðarheimilið, nýtt fataherbergi var innréttað og salerni var gert fyrir þá sem stunda hestamennsku af kappi í hesthúsinu. Þetta voru miklar framkvæmdir en frábærar og hafa gjörbyllt aðstöðunni hér fyrir börn og starfsfólk. En þær kostuðu líka mikið.



h) Afrennslímál frá íbúðarhúsinu voru að gera okkur gráhærð í lok ársins. Afráðið var að taka upp allt afrennslið og ganga þannig frá því að auðvelt væri að komast í rör úr brunnum úti. Þetta þýddi að nýgerð lóð fyrir framan húsið var öll grafinn upp og vélar unnu í mikilli drullu og allt var útvaðið. Þetta var okkur hroðalega mikil vinna og kostaði mjög mikið, um kr. 500.000,- sem voru óvænt útgjöld og ekki inni á fjárhagsáætlun ársins.

## Heimilishald

Heimilishald er mikið á Torfastöðum. Hér búa ellefu manns að jafnaði og oft er starfsfólk okkar búsett á staðnum. Allir vakna saman kl. 8:00. Þá er morgunmatur og gegningar hjá starfsfólkinu. Tekið er til í húsinu til kl. 9:00. Þá hefst skóli og undirbúningur hádegismatar. Allir þvottar eru þvegnir hér og börnin læra að sjá um þrif á fötum sínum og verða smám saman ábyrg af því. Kaffi er alltaf kl. 15:30 og aftur er kvöldmatur kl. 19:00. Ávextir eru snarl barnanna og okkar á kvöldin yfir sjónvarpsglápi eða spilamennsku. Það er mikið nám að þurfa að taka þátt í heimilishaldinu og við notum það óspart í meðferðarvinnunni, hver og einn hefur og lærir sitt hlutverk þar.

## Matur og næring

Á Torfastöðum leggjum við ofuráherslu á gott fæði og mikið er lagt uppúr góðum mat. Við höldum veislur af öllum tilefnum, afmæli eru alltaf haldin hátíðleg og við leggjum mikið uppúr undirbúningi og gerð góðs málsverðar. Við teljum þetta mjög mikilvægt í okkar uppeldi auk þess sem undirbúningur góðs málsverðar og metnaðarfull framreiðsla hefur mikið uppeldislegt gildi. Maturinn er ekki skorinn við nögl og við veitum börnunum mikla fjölbreytni í mat. Þannig læra flestir að borða osta af öllum gerðum, ferskir sveppir eru alltaf til, þegar matreiða á góðan mat og nóg handa öllum.

Oft er spurt hvort þetta sé ekki dýrt og það er að óneitanlega, en á móti spyrjum við hvort fólki finnist ekki dýrt að reykja og eyðileggja um leið heilsuna með ósómanum. Torfastaðir eru reyklaus staður og allir verða að hætta reykingum sem hingað eru vistaðir.

## Afþreying

Það er hefðbundið að krakkarnir fá boð frá Reykholtsskóla á Þorablót skólans og koma auk þeirra fjórir aðrir skólar, frá Reykholti, Flúðum, Laugarvatni, og Hvolsvelli. Þetta eru mjög skemmtilegar samkomur og njóta börnin þeirra mjög.

Hestamennskan tekur mikið pláss og sumarið 2003 voru farna þrjár hestaferðir á fjöllum. Unglingarnir stunduðu mörg fótbolta með ungmennafélaginu einu sinni í viku og ein stúlkan hér er aðstoðarþjálfari fimleikajálfara í Reykholti. Hún er dáð af unga fólkinu í sveitinni. Sundlaugin er mikið notuð, og oft er farið til Reykjavíkur og notið þess sem borgin hefur uppá að bjóða, leikhús, bíó, eða önnur afþreying. Hér er mikil samvera og í vetur var mjög mikið tekið í spil. Við fórum tvisvar í leikhús á árinu.

Veðrið frá því í janúar var alveg frábært og hamlaði það aldrei neinum athöfnum. Júní var mjög heitur og gróskan mikil í öllum gróðri.

# Vistbörn

Samningur við rekstraraðila Meðferðarheimilisins Torfastöðum, Ólaf og Drífu, felur í sér þjónustu við sex ungmenni allt árið. Sjaldan falla úr vistdagar. Skipti á börnum urðu fyrst á árinu í mars en þá brutu foreldrar vistunarsamning og tóku barn úr meðferðinni áður en vistunarsamningi lauk. Við vörudum mjög við þessu, en vinnan hafði gengið mjög vel. Skóla lýkur ekki fyrr en í júní svo ráðstöfun foreldranna var mjög áhættusöm að okkar mati. Inn kom vistmaður í byrjun apríl í pláss þess sem var tekinn úr meðferðinni. Um miðjan júní luku tvö ungmenni vistun sinni með glæsibrag og skírteini í framhaldsskóla sem þau sækja bæði þegar þetta er ritað af miklum metnaði. Inn komu, í þeirra stað, tvö ungmenni annað strax í júní og hitt í byrjun júlí. Ekki urðu fleiri breytingar á vistbörnum á árinu.

Reynslan hefur sýnt okkur, að haustin eru mjög farsæll tími breytinga. Þá fara ungmennin út lífið héðan, með loft undir vængjum. Jafnaldrar þeirra eru að hefja nám eða vinnu að hausti og því hentar vel að gera breytingar á haustin. Nú fóru þó tvö í byrjun sumars. Það gekk mjög vel en við höfðum unnið markvisst að því að koma þeim í verkefni yfir sumarið. Verkefnin og áætlanirnar héldu þannig að allt gekk vel.

Í ljósi smæðar Torfastaða, en aðeins 6 unglingar dvelja hér í einu, og laga um persónuvernd finnst okkur ekki rétt að ræða frekar vistbörnin og vísun til Barnaverndarstofu um brottfarar og komutíma barna, kyn þeirra, aldur, heimilisfang og aðrar persónuupplýsingar.

## Lengd dvalar vistbarna

Torfastaðir er **langtíma** meðferðarstaður, og við tókum börn aldrei til dvalar fyrir minna en eitt ár. Umræða um lengd dvalar barna hér á Torfastöðum hefur verið talsvert á dagskrá undanfarin ár. Segja má að börnin séu oft komin í mjög gott ástand undir okkar verndarvæng snemma í meðferðarferlinu. En þær breytingar eru staðbundnar hér, vegna stjórnunar okkar á Torfastöðum, ramminn er skýr og ummönnum mjög mikil. Ungmennin eru alltaf undir handleiðslu fullorðinna. Reynslan sýnir að breytingarnar sem verða snemma í meðferðarferlinu, á börnunum hér á Torfastöðum, skila sér seinna heim til barnanna. Unglingarnir þurfa því tíma til að yfirfæra nám sitt heim til foreldra, og foreldra þarf að styrkja til að taka á uppeldi barna sinna. Oftast er vandi barnanna og foreldranna mjög gamall og búinn að vera í fjölskyldumynstrinu mjög lengi, jafnvel frá fæðingu barnsins. Það segir sig sjálft að ef barn hefur ekki látið að stjórn foreldris frá barnæsku, þá er ekki auðvelt fyrir foreldrið að ná virðingu barnsins og að geta gripið inni uppeldi og leiðsögn þegar barnið kemst á unglingsár.

Sumir foreldrar hafa átt í verulegum erfiðleikum með sig, verið alkohólistar eða eiturlyfjaneytendur. Ef börn alast upp við slíkar aðstæður þurfa þau oft í bernsku sinni að sjá um sig sjálf og þá er erfitt fyrir foreldri að gera breytingar þótt það hafi farið í meðferð eða breytt sínu eigin lífi til hins betra.

Barn sem hefur verið beitt kynferðislegu ofbeldi hlýtur mjög mikinn skaða af. Það elst upp við ólýsanlegar aðstæður og lærir mjög neikvæða hluti og athafnir. Lygin er allsráðandi, undarlegt hegðunarmunstur og oft mjög geðveikt atferli auk verulegra sálrænna erfiðleika. Það tekur tíma að laga slíkt, og okkar reynsla er að þrjú ár er lágmarks meðferðartími með börn sem beitt hafa verið kynferðislegu

ofbeldi, ef langtímaárangur á að nást og meðferðin að festast og verða til uppbyggingar.

Þrátt fyrir aukna fagmennsku í skólum og samfélaginu, finnst okkur veruleg aukning á börnum sem hafa verið bitbein foreldra sinna við skilnað foreldranna. Reyndar virðist okkur börnin hafa verið sett í mjög slæma stöðu af foreldrum sínum þegar um skilnað hefur verið að ræða og á því eru mjög fáar undantekningar.

Okkar markmið er að meðferðarvinna okkar haldist. Til þess þarf sá sem er í meðferð að fá **tíma**. Rannsóknir sýna að **lengd tíma** í meðferð er einn af aðalþáttum árangurs. Við verðum að ná árangri sem heldst í lífi barnanna, annað er ekki viðunandi.

Þannig eru það ekki magntölur á fjölda vistana sem gilda hér, heldur gæði og árangur í meðferð með hvern einstakling. Fyrir okkur og börnin er það alveg óásættanlegt að gefa ekki hverjum og einum þann tíma sem hann þarf hér. Ef vantar pláss þá verður bara að fjölga meðferðarplássum.

## Starfsfólk

Við vildum gjarnan hafa fleira starfsfólk á Torfastöðum, sérstaklega á veturna, en það gengur ekki þar sem fjárhagsrammi okkar er alltof þröngur. Vonir stóðu til að á því yrði bót þegar **Skóli Torfastaða** fékk **löggildingu árið 2001** en svo hefur ekki orðið. Starfsgildi Ólafs og Drífu eru allavega fjögur samtals (jafnvel sex ef allt er talið), en starfsgildi annarra voru um sex á árinu. Þjónustusamningurinn hljóðar uppá fjögur starfsgildi þar með talið eitt og hálf starf kennara. Þá eru eftir tvö og hálf starfsgildi til að sinna börnunum.

Við höfum, árum saman, rekið Torfastaði með miklu fleiri starfsgildum en þjónustusamningur segir til um, en ekki hefur verið til umræðu hjá Braga, forstöðumanni Barnaverndarstofu, að gera við okkur hagstæðari samning og ekki hefur fengist peningur fyrir skólann. Barnaverndarstofa stendur í vegi fyrir því, þótt sveitarfélögin hafi verið fús til að greiða okkur fyrir kennslu barnanna.

**Drífa Kristjánsdóttir**, á og rekur Torfastaði og hefur gert síðan 1979. Auk þess að vera vinnustaður eru Torfastaðir hennar heimili. Hún er lærður kennari og sér um megnið af kennslu í skólanum allan daginn. Hefur kennt síðan árið 1973. Auk þess er að hafa viðveru alla virka daga og um helgar, kennir hún reiðmennsku, og heldur utanum heimilið eins og foreldrar og uppeldisaðilar gera. Bókhald og greinargerðir eru alfarið á hennar vegum og því í mörg horn að líta þótt kaupið sé lágt. Framlögð vinna hennar er um þrjú starfsgildi, þar sem viðvera er sífelld virka daga og helgar auk ábyrgðar allar nætur.

**Ólafur Einarsson** á líka Torfastaði og er því í sömu stöðu og konan hans með viðveru. Kennir íþróttir reglulega, kennir og leiðbeinir börnum á öllum sviðum, í heimilisstörfum, bústörfum, og öðrum þeim verkefnum sem fengist er við. Hann er börnunum mjög sterk föðurmynd. Hann leikur mjög mikið við þau. Börnin tengjast Ólafi oft mjög mikið ekki síst drengirnir, og er gaman að sjá hve mjög þau njóta hans.

**Óskar Tómas Guðmundsson** vann allt árið 2003. Hann hefur unnið á Torfastöðum síðan haustið 2001. Hann er mjög farsæll starfsmaður, hefur eflst mjög í meðhöndlun sinni á börnunum, er þeim góður félagi. Hann hefur með höndum mikla verkkenndu, mjög flinkur smiður á tré og járn, gerir við hvað sem er, er góður vélvirki og ekkert virðist honum ofviða sem verklegt er. Starfshlutfall hans er um 130%.

**Elín M. Hárlaugsdóttir**, ráðskona, hefur unnið á Torfastöðum síðan haustið 1999 alls í rúm 4 ár. Frábær starfsmaður og vann allt árið í 80% starfshlutfalli við eldamennsku í hádeginu, heimilisfræðikennslu og umönnun. Hún er börnunum mjög góð, tekur þau oft heim til sín og gleður þau með alúð sinni og umhyggju.

**Ida S. Grundberg** kom í febrúar frá Ameríku og vann í tvo mánuði. Hún vann hjá okkur í fyrra 2002 og við nutum starfskrafta hennar fram í miðjan apríl. Hún starfaði sem reiðkennari.

**Ólafur Magnússon**, 23ja ára var starfandi seinni part árs 2002 og lauk störfum um miðjan janúar 2003. Hann vann sem reiðkennari og frábær fyrirmynd og félagi barnanna. Það var yndislegt að hafa hann inni á heimilinu en hann bjó með okkur í vinnu sinni hér.

**Fannar Ólafsson**, 24ja ára sonur Ólafs og Drífu er í námi í Ameríku og spilar þar einnig körfubolta. Hann vann í verkefnum og verkstjórn sumarmánuðina, frá miðjum maí til 20. ágúst. Hann hefur alltaf unnið á Torfastöðum síðan hann fór að heiman í nám. Einnig kom hann um jólin og vann.

**Björt Ólafsdóttir**, 20 ára dóttir Ólafs og Drífu, var í vinnu í sumar eins og fyrri sumur. Vann fulla vinnu við verkstjórn, heimilsihald, verkkenndu o.fl. Hún sá alveg um hópinn sem er í útplöntun á trjám tiltekt og málningarvinnu, og er mjög góður verkstjórnandi.

**Eldur Ólafsson**, 18 ára sonur Ólafs og Drífu, var einnig í vinnu í sumar eins og fyrri sumur. Hann kom til starfa í maí eftir að prófum lauk. Hann er mjög fær og góður starfskraftur, er ótvíræður foringi og félagi vistbarna, sem þau líta upp til og læra mikið af.

**Elin og Josefine**, tvær sænskar tvítugar stúlkur bjuggu hjá okkur frá miðjum október fram í miðjan febrúar eða í fjóra mánuði. Vera þeirra jók mjög á fjölbreytni staðarins og slíkt er alltaf til bóta og ánægju. Þær deildu tíma sínum mikið með vistbörnum, spiluðu við þau á kvöldin og féllu vel inni heimilislífið.

**Valbjörg Jónsdóttir**, kennari í Reykholtsskóla tók nemendur 10. bekkjar í eðlisfræðikennslu. Þau fengu tveggja tíma nám á viku hjá henni, megnið af skólavetrinum 2002-2003. Hún kennir sama námsefni fjórum nemendum þetta skólaár 2003-2004.

## Framtíðarsýn

Við höfum lengi séð fyrir okkur aukna þjónustu hér á Torfastöðum, í formi eftirmeðferðar, þannig að börnin flyttust yfir í eftirmeðferð þegar þau hefðu hæfni til þess og rennsli gegnum staðinn yrði meira, fleiri nytu þeirrar meðferðarhæfni sem er á Torfastöðum.

Í dag er mikið talað um auðlegð í fólki. Hér teljum við okkur hafa mikla færni í meðferð og það finnst okkur að eigi að nýta vel. Við, Ólafur og Drífa, kunnum meðferðarvinnu mjög vel, nýtum styrk og veikleika hvors annars, kunnum vel meðferðartækni, höfum mikla eftirfylgni, reynslu, styrka skapgerð og ennþá mikið þrek til að vinna góða meðferðarvinnu. **Þetta er mannauður Torfastaða.**

Við höfum verið tilbúin til að láta virkja okkur betur. Þetta hefur komið fram í öllum ársskýrslum okkar en enginn hefur tekið það skref að ræða við okkur um meiri þjónustu. Við sjáum t.d. fyrir okkur meiri eftirfylgni og eftirmeðferð við þá einstaklinga sem hér hafa hlotið meðferð. Einnig gætum við deildarskipt starfinu, þjónustað fleiri einstaklinga og leyft þeim að njóta þeirra gæða sem hér eru.

Okkur finnst óásættanlegt, að meðferðarvinna sem hefur gengið vel hér á Torfastöðum fái renna út í sandinn þegar breyting verður á högum þeirra einstaklinga

sem héðan fara. Ljóst er að börnin eru oft tilbúin til að fara frá Torfastöðum, vilja spreyta sig t.d. heima hjá sér eða í vinnu eða skóla, en ef í ljós kemur að líf þeirra er að sigla niður á við þá verður að taka í taumana.

Við erum tilbúin til að vera þar verkfæri, og finnst rétt að börnin séu vistuð aftur á Torfastaði. Þá er hægt að halda áfram meðferð, í formi eftirmeðferðar, enda sé öllum ljóst að veikleiki er fyrir hendi, annaðhvort í barninu sjálfu eða umhverfi þess. Þessi veikleiki veldur því að þau þurfa meiri stuðning. Það er ekki hægt að okkar mati að senda 16 ára gamalt barn heim til sín, barn sem hefur alla sína æfi verið í erfiðleikum með eigin hegðun og veita því svo ekki stuðning og ramma þegar það þarf á því að halda. Sjúkrahúsin taka við fólki aftur og lækna það ef lækning nær ekki fullum árangri í upphafi. Það þurfum við líka að gera, og er miklu betra fyrir börnin, en að senda þau bara eitthvað annað eða jafnvel að láta þau eiga sig. Það megum við alls ekki gera og er hrein sóun á almannafé. Slíkt útheimtir fleiri og öðruvísi pláss, auk þess sem það útheimtir meira húsnæði. Og það útheimtir meira fjármagn.

## Eftirmeðferðarvinna

Í dag á sér stað vinna á Torfastöðum, sem fer fram, eftir að börnin eru formlega farin frá Torfastöðum og hafa lokið eiginlegri meðferð. Þetta er vinna sem við teljum mjög nauðsynlega fyrir okkar skjólstaðinga, en þau riða oft á fótunum, þegar þau halda út í lífið og við viljum styðja við þau og gefa þeim það aðhald og stuðning sem þau og fjölskyldur þeirra þurfa og leita eftir. **Þetta er vinna sem aldrei hefur verið greitt fyrir.**

Tengslin sem oftast myndast í meðferðinni eru svo sterk að þau gefa okkur forsendur til að hjálpa börnunum áfram eftir að meðferð lýkur. Það er nauðsynlegt, barnanna vegna að leyfa þeim að njóta þessarra tengsla, þegar þau vilja og eru að leita ásjár þannig að þau fái frekari aðhlyningu til eigin uppbyggingar.

Þannig dvaldi einn aðili sem hafði verið í meðferð árin 1998-1999 hjá okkur frá því í byrjun apríl fram í lok maí eða í 60 daga. Um sumarið dvaldi hann á næsta bæ og vann þar. Um haustið varð hann fyrir því óhappi að fótbrjóta sig þegar hann var með okkur í réttunum og dvaldi því meira og minna með okkur fram til loka ársins 2000. Húsplássið bauð ekki uppá annað en að fólk svæfi þétt og væri nægjusamt varðandi rými í húsinu, en það eykur nálægð og kom mjög vel út. Sama aðila hjálpuðum við að fá mjög góða vinnu eftir áramótin en hann kemur reglulega til dvalar og á með okkur notalegan tímaum leið og hann eflir tengsl okkar.

Annað dæmi eru um pilt sem dvaldi hér eftir lok vistunar sinnar. Hann fékk vinnu í nágrenninu. Við vissum að óvissa yrði í hans tilveru ef hann færi “heim” svo við studdum hann, með því að leyfa honum að búa hér áfram. Hann stundaði vinnu hjá fyrirtæki í sveitinn. Hann var hér heimilisfastur, í eftirmeðferð, í 80 daga án þess að við fengjum krónu greitt fyrir það. Lang flestir sem útskrifast með sóma halda tengslum við okkur eftir að vistun lýkur.

Formlegir eftirmeðferðarfundir árið 2003 voru allnokkrir. Piltur sem útskrifaðist í sumar 2003 kemur reglulega aðra hverja helgi og dvelur hjá okkur frá föstudegi fram á sunnudag.

Fjöldi fyrrverandi skjólstaðinga sem nutu eftirmeðferðarfunda er ekki skráður enda á eftirmeðferð sér mörg birtingarform á Torfastöðum. Oft er hringt með ósk um aðstöð og við hjálpum krökkun að fá vinnu ef við teljum þau geta staðið undir vinnunni.



Eldri skjólstæðingar höfðu mikið samband á árinu. Fyrir þremur árum fengum við hringingu í miðjum slætti, beint inn í dráttarvél, með tilkynningu um fæðingu barns. (fósturbarnabarn.) Stúlka leitaði ásjár í barnsburði og erfiðleikum sem komu upp varðandi það. Önnur hringdi til að fá hjálp vegna þess að hún hafði áhyggjur af systkini sínu. Við eigum einstakan pilt sem lítur á okkur sem foreldra sína, og flutti lögheimili sitt á Torfastaði fyrir nokkrum árum. Hann naut meðferðar hjá okkur fyrir einum 17 árum. Nú er hann orðinn faðir og kemur reglulega með fjölskylduna sína í heimsókn. Þetta er mikils virði fyrir okkur, Ólaf og Drífu, auk þeirra sem hlut eiga að máli. Síðast en ekki síst er mikilvægt fyrir ný vistbörn að átta sig á þeim tengslum sem hér hafa myndast og sjá hvers virði þau eru.

Einn fyrrum skjólstæðingur fékk okkur til að taka dóttur sína í viku í sveitina. Þessi sami aðili hefur komið og passað fyrir okkur þegar mikið liggur við og allt starfsfólkið þarf að komast á Þorrablótið í sveitinni. Þetta eru dæmi um skjólstæðinga sem vilja halda tengslum og líta á okkur sem einhverskonar ömmu og afa barnanna sinna.

**Við erum viss um að eftirfylgnin og áframhaldandi tengsl okkar við skjólstæðinga okkar eru mjög stór þáttur í því að árangur meðferðarinnar er eins góður og raun ber vitni.**

Börnin sem eru nýkomin í meðferð horfa undrandi á allar heimsóknirnar og samveruna sem við njótum með eldri skjólstæðingum. Það gefur þeim trú á að við meinum það þegar við segjumst alltaf ætla að vera stuðningur þeim sem vilja halda góðum tengslum okkur og nýta stuðning okkar.

Heimsóknir eldri skjólstæðinga voru margar. Í dagbókina skráðum við 20 slíkar heimsóknir en þar með er ekki öll sagan sögð, því þetta eru ekki formlegar skráningar heldur minnispointar sem stundum eru settir inn í dagbókina ef við munum eftir því.

## Fjárhagur

Því miður hefur ekkert af væntingum okkar, um auknar fjárveitingar, náð fram að ganga. Við ætlum ekki að tíunda það hér, en við fáum **alltof lítið rekstrarfé fyrir alltof mikla vinnu**. Höfum sjálf unnið megnið af okkar vinnu **launalaus og eigum engan lífeyri eftir 25 ára starf**. Við höfum því sagt upp samningi okkar á 25. starfsári okkar vegna fjárskorts og langvarandi **óvildar forstöðumanns Barnaverndarstofu**. Hér verður látið staðar numið, í vinnu undir núverandi stjórnanda.

Torfastöðum 11. febrúar 2004.

Drífa Kristjánsdóttir